

Kæru fundargestir.

Ég býð ykkur öll velkomin á Landsfund jafnréttisnefnda. Það er von mín að ykkur finnist erindin fræðandi og að fundir eins og þessir setji spor sín á jafnréttisumræðuna og leggi sitt af mörkum í að bæta mannréttindi. Viðhorf sveitarstjórnarmanna og stefna stjórnvalda skipta sköpum ef við ætlum að ná hér áþreifanlegu og raunverulegu jafnrétti - koma á jöfnuði og losa okkur við mismununun fyrir fullt og allt. Þetta eru viðfangsefni okkar allra sem hér erum og líka þeirra sem ekki komust á þennan fund. Við berum öll ábyrgð.

Að uppræta kúgun, ójöfnuð, valdniðslu og kerfisbundna mismununun vegna kyns, fötlunar, heilsu, aldurs, húðlits, kynhneigðar og alls hins eru baráttumál okkar allra. Þetta eru helstu viðfangsefni femínismans og okkar sem látum okkur mannréttindi varða. Ég þori að fullyrða að femínismi er sú bylting sem hefur haft mest áhrif á tilveru nútímamannsins. Það er sú hugmyndafræði sem hefur kjark til að benda á skekkju samfélagsins og krefjast úrbóta. Hugmyndafræði sem hefur bent á að kyn skiptir máli og að tími sé kominn til að uppræta óæskileg áhrif kynjakerfisins. Og ekki er ráð nema í tíma sé tekið... Til er íslenskt orðatiltæki sem segir að góðir hlutir gerast hægt. Það á hins vegar ekki við um jafnréttisbaráttuna því þar er krafan að góðir hlutir gerist strax!

Þó við heyrum stundum talað eins og mannréttindi séu áskapaður eiginleiki mannkynsins, rétt eins og sjón og heyrn og snertiskyn, og verði ekki frá okkur tekin, þá er staðreyndin sú að við höfum öðlast mannréttindi vegna þrotlausrar baráttu þeirra sem á undan okkur komu. Þeirri baráttu verðum við að halda áfram. Við megum aldrei taka af okkur gleraugun sem við notum til að rýna stöðu okkar í samfélaginu - hvort sem það er staða kynjanna eða annarra sem kerfið flokkar ekki með forréttindahópum - hópum sem líta ef til vill sjálfir á forréttindin sem sjálfsögð mannréttindi sín. Okkur hættir nefnilega til að halda, að allir hafi sömu forréttindi og við njótum sjálf í skjóli þjóðernis, menntunar, kyns eða annarra þátta. Okkur hættir alltof oft til að mæla heiminn út frá sjálfum okkur. Þess vegna megum við aldrei gleyma því að hlusta vandlega á þau sem eru í annarri aðstöðu og taka mark á því sem þau segja; læra og gera betur.

Að lokum og áður en ég kynni Eygló Harðardóttur félags- og húsnaðismálaráðherra til leiks þá langar mig að opna þennan landsfund jafnréttisnefnda með þeirri áminningu að fjölbreytni samfélagsins er styrkur okkar, að við eigum öll að hafa sömu tækifæri og að við berum öll ábyrgð.

Þá set ég formlega landsfund jafnréttisnefnda og býð Eygló Harðardóttur hingað upp.